

LÖG

um breyting á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

13. gr. laganna orðist svo:

Greiða má maka elli- og örorkulífeyrisþega makabætur allt að 80% af grunnlífeyri og tekjutryggingu ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 2. júlí 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

AUGLÝSING

um þingsályktun um vegáætlun fyrir árin 1985 — 1988.

Alþingi hefur hinn 23. maí samþykkt þingsályktun þá sem hér fer á eftir um vegáætlun fyrir árin 1985 — 1988.

Alþingi ályktar, samkvæmt III. kafla vegalaga, nr. 6/1977, að árin 1985 — 1988 skuli framkvæmdum í vegamálum hagað og vegir flokkaðir samkvæmt eftirfarandi vegáætlun:

I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN
(Fjárhæðir í m.kr.)

	1985	1986	1987	1988
1.1. Markaðar tekjur:				
1. Tekjur af bensíni				
Bensíngjald	845	990	1 010	1 030
Aðrar tekjur af bensíni	130	150	155	155
2. Pungaskattur	410	480	490	500
	1 385	1 620	1 655	1 685
1.2. Önnur framlög	265	810	825	845
Samtals	1 650	2 430	2 480	2 530